



FUNDARGERÐ

Hluthafafundar Símans hf., miðvikudaginn 28. janúar 2026, kl. 16:00

Haldinn að Hilton Reykjavík Nordica, Reykjavík

Dagskrá

1. Tillaga um breytingar á samþykktum
2. Önnur mál.

Formaður stjórnar, Jón Sigurðsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans var að Guðbjörg H. Hjartardóttir, yrði skipuð fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól stjórnarformaður fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Eiríkur Hauksson yrði kjörinn fundarritari, og ekki bárust athugasemdir við þá tilhögun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu og tilkynningu á heimasíðu félagsins hinn 7. janúar sl. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru. Mætt var á fundinn fyrir 81,52% af virku hlutafé.

Á fundinn mættu stjórnarmenn félagsins. Þá voru forstjóri og framkvæmdastjórn félagsins viðstödd fundinn.

Gengið var til dagskrár.

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

María Björk Einarsdóttir, forstjóri félagsins, fór yfir kynningu um m.a. fyrirhuguð kaup félagsins á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf., Öryggismiðstöð Íslands hf. og Greiðslumiðlun Íslands ehf.

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins:

Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund félagsins að samþykktum félagsins verði breytt þannig að við þær bætist eftirfarandi ákvæði sem ný grein 4.2 og að númer annarra greina samþykktanna uppfærast til samræmis (eftir því sem við á):

„Stjórn félagsins skal heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 430.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar hafa fallið frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem skulu nýttir til greiðslu hluta kaupverðs í tengslum við kaup félagsins á öllu hlutafé í Opnum kerfum hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf. Skal því heimilt að greiða áskriftarverð hinna nýju hluta með öðrum hætti en með reiðufé, þ.m.t. með skuldajöfnuði. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá greiðsludegi áskriftarverðsins. Gildir heimild þessi til 31. desember 2026.“

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



2. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundarmönnum var boðið að hlýða á upplestur fundargerðar. Var fundi slitið kl. 16:50.

Guðbjörg H. Hjartardóttir
Fundarstjóri

Eiríkur Hauksson
Fundarritari